


„Geðhjálp“ komið út

Nýverið kom út fyrsta tölublað tímaritsins **GEDHJÁLP** á þessu ári. Útgefandi er *Geðhjálp – samtök geðsjúkra og aðstandenda þeirra og velunnara*. Í tímaritinu er að vanda fjöldi fróðlegra greina um ýmis málefni sem tengjast geð- og fjölskylduverndarmálum. Meðal annars er þar að finna greinina „**Velkomin til Hollands**“ eftir Emily Pearl Kingsley og „**Framtíðarauður Íslendinga**“ eftir Láru Pálsdóttur. „**Konur og þróunaraðstoð**“ er fyrirsögn greinar eftir Þórdísi Sigurðardóttur. Hörður Bergmann skrifar: „**Minni umbúðir - betra líf**“ og Helga Sigurjónsdóttir er höfundur: „**Lestrarkennsla fyrir daga foreldrafundanna**“. Einnig skrifar Páll Ólafsson um **gönguferðir** og Sigrún Stefánsdóttir um **skokk**. Jón Björnsson skrifar um félagsleg áhrif atvinnuleysis: „**Hin ólærða lexía**“ og Eydís Sveinbjarnardóttir skrifar um hjúkrun aðstandenda geðsjúkra: „**Samskipti í fjölskyldunni**“. Þá þýðir Gunnar Smári Egilsson grein úr þýska vikunitinu Der Spiegel: „**Andúð í garð fatlaðra**“ og Heiður Baldursdóttir skrifar um „**Læsi: Tæki til að auka sjálfstæði og persónulega reisn.**“



Vert þykir að hvetja allt áhugafólk um geð- og fjölskylduverndarmál til að gerast áskrifendur að **GEDHJÁLP** og styrkja þannig gott málefni og frábært starf samtakanna sem blaðið gefa út.